

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 158/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnari Árnasyni

(Örn Höskuldsson hrl.)

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða 18. sama mánaðar, þar sem óskað er áfrýjunar dómsins í heild sinni. Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu, en ákærði krefst sýknu af öllum kröfum þess og til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður uppdráttur, þar sem fram kemur staðsetning fjár- og hesthúss ákærða í Vestmannaeyjum og jafnframt mörkuð leið sú, er hann og kærandi fóru á hestum eftir atburð þann, sem mál þetta fjallar um.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp af þremur héraðsdómurum, er að verulegu leyti byggð á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar, og kemur það ekki til endurskoðunar í Hæstarétti samkvæmt 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Eru ekki talin efni til að beita ákvæði 5. mgr. sömu greinar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Árnason, greiði áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 1. apríl 1995.

Mál þetta dæma héraðsdómarmennirnir Þorgeir Ingi Njálsson, Helgi I. Jónsson og Hjörtur O. Aðalsteinsson. Er dómurinn fjölskipaður með vísan til ákvæða 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994.

Málið, sem var dómtekið 13. f. m., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. desember 1995, á hendur Gunnari Árnasyni, Hásteinsvegi 60, Vestmannaeyjum, fæddum 13. desember 1945, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa síðari hluta dags sunnudaginn 1. október 1995 í hlöðu í hesthúsi sínu í ræktuðu landi jarðarinnar Draumbæjar, Vestmannaeyjum, þröngvað stúlkunni X, fæddri 1978, með ólögmætri nauðung til samræðis eða annarra kynferðismaka.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

— — —

I.

Að kvöldi sunnudagsins 1. október 1995 kom X [f. 1978] á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum og lagði fram kæru á hendur Gunnari Árnasyni, ákærða í máli þessu, fyrir nauðgun.

Samkvæmt því, sem fram kom við lögreglurannsókn, er hófst í kjölfar kærunnar, kom ákærði á heimili kæranda um klukkan 17 hinn umrædda sunnudag og bauð henni með sér á hestbak. Féllst kærandi á að fara með ákærða, og héldu þau saman á bifreið hans að hesthúsi, sem stendur fjarri byggð í landi jarðarinnar Draumbæjar í Vestmannaeyjum, en ákærði mun vera eigandi hússins. Þegar þangað var komið, fóru þau inn í hlöðu, sem er sambyggð hesthúsinu, og höfðu þar samfarir. Að þeim loknum héldu þau af stað í hinn fyrirhugaða reiðtúr, og lá leið þeirra að hluta til um íbúðabyggð. Þegar komið var að hesthúsinu að nýju, varð á vegi þeirra stúlka, E, sem þau þekktu bæði. Ræddi ákærði stuttlega við E, en að því samtali loknu hélt hún á brott. Eftir að ákærði og kærandi höfðu tekið af hestunum og sleppt þeim, ók kærandi bifreið ákærða um tún, sem er við hesthúsið. Mun kærandi hafa óskað eftir því við ákærða, að hún fengi að aka bifreiðinni, og heimilaði ákærði henni það. Leiðir ákærða og kæranda skildu síðan við heimili hennar, en þangað ók ákærði henni.

Við rannsókn málsins hjá lögreglu og fyrir dómi hefur kærandi staðfast-

lega haldið því fram, að ákærði hafi þröngvað sér til áðurgreindra samfara. Í skýrslum, sem ákærði gaf hjá lögreglu mánudaginn 2. október 1995, en hann hafði þá verið í fangageymslu, allt frá því er hann var handtekinn kvöldið áður, viðurkenndi hann að hafa haft samfarir við kæranda, en kvað þær hafa farið fram með vilja hennar. Samfarir þeirra hefðu staðið yfir í mjög stuttan tíma. Hefði kærandi óskað eftir því að hætta þeim fljótlega, eftir að þær hófust, og hann strax orðið við þeirri ósk hennar. Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði haldið sig við þennan framburð sinn.

III.

Í skýrslu sinni fyrir dómi lýsti kærandi aðdraganda þess atburðar, sem hér er til umfjöllunar, með sama hætti og í skýrslu sinni hjá lögreglu. Ákærði hafi þannig ýtt henni inn í hlöðuna, lagst þar ofan á hana og náð að klæða hana úr að neðanverðu. Hún hafi margbeðið hann um að hætta, en hann ekki sinnt þeirri beiðni hennar, og tilraunir hennar til að ýta honum frá sér hafi engan árangur borið. Hafi ákærði með þessum hætti þröngvað henni til samfara. Hafi þessi atлага hans gagnvart henni staðið yfir í nokkrar mínútur. Ekki kemur fram hjá kæranda, hvað hafi orðið til þess, að ákærði lét af atlögu sinni, en það hafi gerst mjög skyndilega. Þá áréttaði kærandi þann framburð sinn, að hún hefði ekki þorað að leggja á flóttu, þegar hinn ætlaði verknaður ákærða var afstaðinn, hún hefði óttast, að hann myndi ná sér og lemja sig. Að sögn kæranda hafði hún oft farið með ákærða í reiðtúra, áður en þessi atburður gerðist. Staðhæfði hún, að ákærði hefði oft sýnt sér kynferðislegan áhuga, þá er þau voru ein í slíkum ferðum. Í lok vitnisburðar síns fyrir dómi staðfesti kærandi efni þeirrar skýrslu, sem hún gaf hjá lögreglu og áður er rakin. Þá vann hún eið að framburði sínum fyrir dómi.

Fyrir dómi bar ákærði í öllum meginatriðum á sama veg og hjá lögreglu um samskipti sín og kæranda. Fullyrti hann, að samfarir þeirra í hesthúsi hans hefðu farið fram með vilja kæranda og hann slitið þeim, um leið og hún hefði beðið hann um að hætta. Bæði hefðu þau átt þátt í því, sem fram fór á milli þeirra, og samfarirnar átt sér eðlilegan aðdraganda. Skýrði ákærði svo frá þar að lútandi, að þá er hann færði kæranda úr gallabuxum og nærbuxum, sem hún var í, hefði hún aðstoðað sig við það. Þau hefðu hálfpartinn staðið í heyinu, meðan á þessu stóð. Þegar komið hefði að því, að þau hefðu samfarir, hefði kærandi haft það á orði, að hún væri hrædd um, að einhver kæmi að þeim. Hann hefði þá gengið út úr húsinu, en ekki orðið var við mannaferðir. Þegar hann kom inn í hesthúsið aftur, hefðu þau haldið áfram, þar sem frá var horfið. Hefðu þau rétt verið byrjuð að hafa

samfarir, þegar hún bað hann að hætta, og hefði hann strax orðið við þeirri beiðni hennar. Samfarirnar hefðu staðið í svo skamman tíma, að hann hefði í mesta lagi verið búinn að viðhafa tvær samfarahreyfingar, þegar hann hefði slitið þeim að beiðni hennar.

IV.

Kærandi fór á heilsugæslustöðina í Vestmannaeyjum að kvöldi hins umrædda sunnudags. Í skýrslu um lækni skoðun, sem þar var gerð á henni, kemur fram, að engin áverkamerki voru sjáanleg við skoðun ytri kynfæra, og við leggangaskoðun kom ekkert óeðlilegt í ljós. Engar sæðisfrumur fundust í leggöngum eða leghálsi kæranda. Á vinstri upphandlegg hennar var 7–8 cm húðrispa. Föt reyndust óskemmd, og ekki fundust blettir í þeim. Þá kemur fram í skýrslunni, að kærandi hafi verið fámál og óttaslegin.

Samkvæmt frumskýrslu málsins var ákærði færður á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum kl. 22.30, og var blóðsýni tekið úr honum þar röskum þremur klukkustundum síðar. Reyndust í því 0,39‰ alkóhóls. Hefur ákærði gefið þá skýringu á þeirri niðurstöðu, að hann hafi neytt áfengis fyrr um kvöldið og eftir að hann kom heim til sín úr hesthúsinu.

Samkvæmt fram lögðu læknisvottorði er kærandi 158 cm á hæð og þyngd hennar 47 kg. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærði vera um það bil 90 kg að þyngd og 170–180 cm á hæð.

V.

Vettvangur þess atburðar, sem hér er til umfjöllunar, var hesthús, fjarri mannabyggð. Ákærði var 49 ára að aldri, þá er atburðurinn varð, en kærandi 16 ára. Þá er verulegur afllmunur á þeim.

Fram er komið í málinu, að ákærði og kærandi höfðu oft farið saman í reiðtúr á hestum ákærða, áður en umræddur atburður varð. Höfðu samskipti þessi gengið snurðulaust, og var ekki ástæða til annars en kærandi bæri fullkomið traust til ákærða, er þau héldu til hesthússins umrætt sinn.

Kærandi hefur verið mjög stöðug í þeim framburði sínum, að ákærði hafi haft samræði við sig að óvilja sínum. Er framburður hennar í heild sinni trúverðugur að mati dómsins. Þá leitaði hún til lögreglu sama dag og hinn ætlaði verknaður var framinn.

Vitnin G, M, Ó og V, sem höfðu samskipti við kæranda skömmu eftir atburðinn, hafa öll borið á þann veg, að hún hafi þá verið ákaflega miður sín, ýmist grátið eða snökt. Var vitnunum ljóst af frásögn hennar, að ákærði hefði haft við hana samfarir að óvilja hennar í hesthúsi sínu fyrr um daginn. Lýsing lækni á ástandi kæranda, skömmu eftir að kæranda hafði verið lögð fram, bendir og eindregið til þess, að eitthvað alvarlegt hafi þá skömmu að-

ur hent kæranda. Framburður vitnisins E, sem hitti ákærða og kæranda, þegar þau komu úr reiðtúrnum, hnígur í sömu átt.

Í samtali, sem ákærði átti við Tryggva Kristin Ólafsson lögreglufulltrúa, skömmu eftir að ákærði var handtekinn, neitaði hann að hafa haft samfarir við kæranda. Áður hafði hann látið þau orð falla í samtali við vitnin G, M og Ó, að það væri misskilningur hjá þeim, ef þeir væru að halda því fram, að hann hefði gerst eitthvað nærgöngull við kæranda. Við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi gekkst ákærði hins vegar við því að hafa haft samfarir við kæranda greint sinn, en kvað þær hafa farið fram með samþykki hennar. Samkvæmt þessu er ósamræmi á milli fyrstu frásagnar ákærða af atburðum og þeirrar lýsingar, sem hann gaf á þeim við skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi.

Þegar virtur er trúverðugur og staðfastur framburður kæranda, litið til framburðar vitna um andlegt ástand hennar skömmu eftir atburðinn, það jafnframt haft í huga, að atburðurinn varð fjarri mannabyggð, þar sem ákærði átti alls kostar við kæranda, og hliðsjón höfð af framangreindu ósamræmi í frásögnum ákærða af atburðinum og þeim mikla aldurs- og aflsmun, sem er á ákærða og kæranda, þykir að mati dómsins eigi varhuga-vert að telja sannað, að ákærði hafi í greint sinn neytt yfirburða sinna gagnvart kæranda og þröngvað henni til samræðis. Telst þetta atferli ákærða varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ákvæðinu var breytt með 3. gr. laga nr. 40/1992.

VI.

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif við ákvörðun þeirrar refsingar, sem honum verður nú gert að sæta. Þykir hún með sérstakri hliðsjón af aldri kæranda og eðli brotsins hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Eigi kemur til álita að skilorðsbinda refsinguna.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Haukssonar héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Björn Helgason saksóknari sókn málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Haukssonar héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur.